

Nr. 041 / 12 Silfurnes SF 99**Strandar í Mýrarbug**

Skipaskr.nr. 2597
 Smíðaður: Hafnarfirði 2004 plast
 Stærð: 7,3 brl. 7,2 bt.
 Mesta lengd: 9,54 m Skráð lengd: 9,48 m
 Breidd: 2,58 m Dýpt: 1,19 m
 Vél: Volvo Penta 247,1 kW 2004
 Fjöldi skipverja: 1

Gögn:

Lögregluskýrsla
 Gögn RNS



Silfurnes ©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. október 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:


Þann 9. maí 2012 var Silfurnes SF 99 á siglingu austur með strönd Suðursveitar. Veður: Logn

Silfurnes SF var á fullri ferð til hafnar og sigldi grunnt undan fjörunni og hafði skipstjóri stillt sjálfstýringuna en var sjálfur að vinna við tiltekt aftur á þilfarinu þegar báturinn renndi langt upp í fjöruna undan Steinadal. Vélin stöðvaðist og óskaði skipstjóri eftir aðstoð en vegna útfalls var fljótlega hægt að ganga í kringum bátinn.

Björgunarskipið Ingibjörg koma á strandstað þegar fallið var undan Silfurnesi og dró hún bátinn á flot.

Við rannsókn kom fram:

- að stefna var sett u.þ.b. 50° kl. 06:45 og samkvæmt ferilkorti haldið nánast óbreyttri til kl. 07:23 þegar stefnubreyting er gerð um það bil 20° til bakborða eða í 30° þar til báturinn siglir upp í fjöruna kl. 07:34.
- að skipstjóri sagðist hafa látið reka um tíma og lagt sig í um klukkustund áður en hann hélt til hafnar. Hann setti á ferð kl. 06:00, sjálfstýringuna á



og ekki breytt stefnu eftir 06:45. Hann hafði engar skýringar haft á því hvers vegna stefnubreyting hafi orðið eftir það;

- að skipstjóri sagðist ekki hafa sofnað því hann hafi verið að taka til og þrifa í vistarverum fram í og aftur á þilfarinu en ekki fylgst með stefnunni. Hann hafi svo orðið var breytingu eins og kæmi í skrúfunu og þegar hann ætlaði að grípa í stjórnþæki vélarinnar var báturinn kominn upp í fjöru og vélin stopp;
- að samkvæmt ferilskráningu var haldinn hraði 17,4 hn. þegar Silfurnes SF renndi upp í fjöruna;
- að sjálfstýringin er af ComNav gerð sem tekur stefnuskipanir frá GPS áttavita af JCR gerð. Sölu- og þjónustuaðilar með þessum tækjum sögðu að tímabundin truflun á GPS merki gæti komið upp en þá gefur tækið það til kynna með hljóðmerki. Einnig geta þessi tæki bilað tímabundið og varanlega sem leynst geti fyrir notanda;
- að skipstjóri sagðist hafa borið saman stefnu sjálfstýringar og stefnumiðun en ekki fundið að mismunur væri þar á.

Nefndarálit:

Orsök strandsins er gáleysi skipstjóra að fylgjast ekki grannt með siglingunni.